



STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.

1. gr. Forsendur

- 1.1 Starfskjarastefna þessi er gerð á grundvelli 1. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.
- 1.2 Gerður hefur verið þjónustusamningur milli FÍ fasteignafélags slhf. (hér eftir „félagið“) og FÍ fasteignafélags GP ehf. (hér eftir „ábyrgðaraðili“) þess efnis að ábyrgðaraðili sér alfarið um daglegan rekstur á félaginu og fær greidda þóknun vegna þeirra starfa í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins. Þjónustusamningurinn var samþykktur og undirritaður af stjórn félagsins þann 19. febrúar 2013.
- 1.3 Aðeins framkvæmdastjóri félagsins starfar fyrir félagið og ekki er fyrirhugað að félagið ráði til sín starfsfólk. Framkvæmdastjóri félagsins þiggur ekki laun eða aðrar greiðslur beint frá félaginu.

2. gr. Óheimilar greiðslur til starfsmanna

- 2.1 Starfskjör starfsmanna skulu tilgreind í ráðningarsamningi og skulu taka mið af þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein 2.
- 2.2 Ekki er heimilt að gera kaupréttar-, söluréttar- eða forkaupsréttarsamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn félagsins.
- 2.3 Ekki er heimilt að veita starfsmönnum félagsins aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun.
- 2.4 Ekki er heimilt að lána starfsfólki fjármuni. Þó er heimilt við sérstakar aðstæður að greiða laun fyrirfram ef nauðsyn ber til og þá aldrei meira en sem nemur einum mánaðarlaunum.
- 2.5 Félagið gerir ekki sérstaka starfslokasamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn í ráðningarsamningum eða í sérstökum samningum í tengslum við starfslok.

3. gr. Laun stjórnar

Laun stjórnar skulu ákvörðuð á hluthafafundi á hverju ári, fyrir komandi ár. Stjórnarformaður skal fá tvöföld laun almennra stjórnarmanna.

4. gr. Upplýsingagjöf og ábyrgð

- 4.1 Félagsstjórn skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Á



aðalfundi skal stjórnin gera grein fyrir samandregnum kjörum stjórnenda og stjórnarmanna. Þar skal félagsstjórn jafnframt skýra frá framkvæmd samþykkrar starfskjarastefnu.

- 4.2 Framkvæmdastjóri skal ábyrgjast að laun starfsmanna verði innan ramma starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi til samþykktar eða synjunar og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert.

Reykjavík 11. apríl

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.